

Vesturbyggð kt. 510694-2369 Aðalstræti 75, Patreksfirði, og Gerður Björk Sveinsdóttir, kt. 210177-4699, Aðalstræti 122A, Patreksfirði, gera með sér svofelldan

r á ð n i n g a r s a m n i n g

1. gr.

Gerður Björk Sveinsdóttir, kt. 210177-4699, Aðalstræti 122A, Patreksfirði, er ráðin í starf bæjarstjóra Vesturbyggðar frá og með 5. júní 2026. Ráðningartími bæjarstjóra er sá sami og kjörtímabil núverandi bæjarstjórnar er, þ.e. fram að fyrsta fundi bæjarstjórnar Vesturbyggðar eftir sveitarstjórnarkosningar 2030. Samningurinn fellur sjálfkrafa úr gildi við lok samningstímans, sbr. þó ákvæði 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar er samningur þessi uppsegjanlegur af beggja hálfu með þriggja mánaða fyrirvara og miðast uppsögn við mánaðarmót. Launagreiðslur falla niður við lok uppsagnarfrests.

Komi til þess að bæjarstjóri verði ekki endurráðinn að loknum næstu sveitarstjórnarkosningum skal sveitarfélagið greiða honum biðlaun í sex mánuði frá lokum ráðningartímans, þ.e. frá fyrsta fundi bæjarstjórnar eftir sveitarstjórnarkosningar 2030. Biðlaun skulu samsvara föstum mánaðarlaunum en ekki skal greiða fastan bifreiðastyrk og þá reiknast ekki orlof á biðlaunin. Þiggi bæjarstjóri laun vegna annarra starfa á því tímabili sem hann á rétt á biðlaunum vegna starfa sinna sem bæjarstjóri skerðast biðlaunin sem þeim launum nemur. Sé þess sérstaklega óskað af hálfu bæjarstjórnar að bæjarstjóri gengi um stundarsakir áfram störfum bæjarstjóra þar til nýr bæjarstjóri hefur verið ráðinn að loknum sveitarstjórnarkosningum skuldbindur bæjarstjóri sig til að gegna áfram starfi bæjarstjóra í allt að þrjá mánuði og nýtur að þeim tíma loknum biðlauna í sex mánuði til viðbótar, þannig að heildarlaunagreiðslur til hans taki samtals til níu mánaða tímabils. Á fyrrgreindu þriggja mánaða tímabili sem bæjarstjóri er í starfi reiknast bifreiðastyrkur og orlof en ekki á biðlaunatímabili.

Komi til þess að nýr meirihluti verði myndaður á samningstímanum og ekki er óskað eftir því að bæjarstjóri gegni starfi sínu áfram, fer með starfslok hans eins og greinir í 2. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Bæjarstjóri fer með störf framkvæmdastjóra sveitarfélagsins og annast þau störf sem honum eru falin samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, samþykkt um stjórn sveitarfélagsins og í samræmi við samþykktir og ákvarðanir bæjarráðs og bæjarstjórnar sveitarfélagsins. Varðandi störf og starfsvið bæjarstjóra er að öðru leyti vísað til ákvæða VI. kafla laga nr. 138/2011, einkum 55. gr. laganna. Að öðru leyti gildir um réttindi og skyldur framkvæmdastjóra ákvæði kjarasamninga hverju sinni og ákvæðum samnings þessa.

Handwritten signatures in blue ink, including initials "JS" and "AB", and a larger signature.

Bæjarstjóra er skylt að eiga lögheimili í sveitarfélaginu á meðan hann gegnir starfinu.

3. gr.

Launakjör bæjarstjóra skulu vera sem hér segir:

- a) Föst mánaðarlaun bæjarstjóra skulu vera kr. 2.217.254.- og skulu þau taka breytingum á samningstímanum 1. desember og 1. júní ár hvert, í fyrsta sinn 1. desember 2026, í samræmi við þær breytingar sem verða á launavísitölu. Grunnvísitala samningsins er 1.152,3 stig. Ekki skal koma til sérstakra greiðslna vegna yfirvinnu þó vinna kunni að vera innt af hendi utan hefðbundins dagvinnutíma. Þá kemur heldur ekki til sérstakra greiðslna vegna vinnuhópa, fundar- og/eða nefndarstarfa, hvort heldur sem er á vegum sveitarfélagsins eða nefnda, stofnana, samtaka eða félaga sem sveitarfélagið er aðili að.
- b) Greiddur skal fastur bifreiðastyrkur fyrir akstur eigin bifreiða vegna starfsins. Bifreiðastyrkurinn skal nema 900 km. á mánuði og skal greitt í samræmi við ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins hverju sinni, sbr. nú auglýsing nr. 1/2025. Ferðakostnaður bæjarstjóra vegna erinda á vegum sveitarfélagsins skal greiddur af bæjarsjóði samkvæmt framlögðum reikningum.
- c) Sveitarfélagið skal greiða fyrir farsímanotkun bæjarstjóra og nettengingu á heimili hans. Sveitarfélagið skal leggja bæjarstjóra til farsíma og fartölvu til starfa sinna. Við starfslok skal fartölvu skilað í samræmi við ákvæði 5. gr. þessa samnings, farsími verður eign bæjarstjóra.
- d) Sveitarfélagið skal kaupa slysatryggingu fyrir bæjarstjóra samkvæmt gildandi almennum skilmálum um atvinnuslysatryggingar launþega hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga.
- e) Réttur til orlofstöku er 30 dagar fyrir hvert orlofstímabil, sem er frá 1. maí til 30. apríl ár hvert. Tímasetning orlofstöku skal vera í samráði og skv. samþykki forseta bæjarstjórnar og formanns bæjarráðs.

Önnur kjaraatriði, s.s. lífeyrisréttindi, veikindaréttur og önnur starfsréttindi skulu vera með sama hætti og fram kemur í samningi Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum við Samband íslenskra sveitarfélaga. Bæjarstjóri hefur heimild til þess að greiða í þann lífeyrissjóðs sem hann ákveður svo og í stéttarfélag að eigin vali.

Laun skulu greidd mánaðarlega eftir á inn á þann bankareikning sem bæjarstjóri vísar á.

4. gr.

Skylt er bæjarstjóra að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls samkvæmt X. kafla stjórnsýslulaga sbr. 2. mgr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 128/2011. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

705
RH
GSD

5. gr.

Bæjarstjóri skuldbindur sig til að skila sveitarfélaginu við starfslok öllum gögnum, rafrænum og efnislegum, aðgangsorðum, lykilorðum, lyklum og öllum búnaði sem hann hefur fengið afhent frá sveitarfélaginu, sbr. þó 3. gr. þessa samnings, eða safnað að sér í starfi sínu við framkvæmd vinnunnar og halda ekki eftir neinum afritum eða öðrum gögnum án skriflegs leyfis forseta bæjarstjórnar.

6. gr.


Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvort samningsaðili sínu eintaki. Samningur þessi skal birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Ágreiningur sem kann að rísa vegna samnings þessa er heimilt að bera undir Héraðsdóm Vestfjarða.

Samningur þessi er undirritaður í votta viðurvist með fyrirvara um endanlega staðfestingu bæjarstjórnar Vesturbyggðar.

Patreksfirði, 5. júní 2026.

f.h. Vesturbyggðar með fyrirvara um staðfestingu bæjarstjórnar.



Gerður Björk Sveinsdóttir



Þórkátla Soffía Ólafsdóttir



Rebekka Hilmarsdóttir

Vottar að rétttri dagsetningu,
undirskrift og fjárræði aðila:


Kt. 110280-3789


Kt. 190897-3039

